



NÁTTÚRUSTOFA
Norðurlands vestra

Dýralíf á Kolkuósmelum, í Skagafirði.
Úttekt vegna umhverfismats.


Helgi Thorarensen

NNV-2000-002
September 2000



NÁTTÚRUSTOFA Norðurlands vestra

Lykilsíða

Skýrslunúmer: NNV-2000-003	Dagsetning: September 2000	Dreifing: ☒ Opin ☐ Lokuð til
Heiti skýrslu: Dýralíf Kolkuósmelum, í Skagafirði. Úttekt vegna umhverfismats.		Upplag: 10 Fjöldi síðna: 3
Höfundur / höfundar: Helgi Thorarensen		Verkefnisstjóri / verkefnisstjórar: Þorsteinn Sæmundsson
Gerð skýrslu / verkstig: Umhverfismat vegna sorpurðunar		Verknúmer: NNV-2000-Verk 002
Unnið fyrir: Verkfræðistofuna Línuhönnun		
Samvinnuaðilar: Hólaskóli í Hjaltadal		
Úrdráttur: Að beiðni Verkfræðistofunnar Línuhönnunar var gerð úttekt á dýralífi í landi Kolkuóss í minni Hjaltadals í austanverðum Skagafirði. Við Kolkuós er fjölbreytt fuglalíf og fá sambærileg svæði finnst í Skagafirði. Skammt undan landi virðist vera mikið um æti fyrir fugla og þess vegna er svæðið viðkvæmt fyrir mengun.		
Lykilorð: Kolkuós, Hjaltadalur, Skagafjörður, Dýralíf, Sorpurðunarsvæði, Umhverfismat		ISBN-númer:
Undirskrift verkefnisstjóra: 	Yfirfarið af: ÞS	

UMHVERFISMAT – DÝRALÍF

Skýrsla þessi er unnin af Náttúrustofu Norðurlands vestra að beiðni Verkfræðistofunnar Línuhönnun. Hún fjallar um úttekt á dýralífi á fyrirhuguðu sörpurðunarsvæði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Kolkuósmelum í Viðvíkursveit, í minni Hjaltadals.

Náttúrustofa Norðurlands vestra réð Helga Thorarensen, sem starfar að Hólum í Hjaltadal til verksins. Farin var ein könnunarferð þann 22. júní.

Hér er metið dýralíf á og umhverfis urðunarsvæðið í Brimnesskógum. Farið var í vettvangsferð seinni hluta dags 22. júlí árið 2000 og fuglalífi kannað á svæðinu. Heiðskýrt var og álandsvindur 6-10 m/s. Gengið var um urðunarsvæðið og næsta nágrenni. Einnig var farið í Kolkuós og fuglalíf skoðað þar. Gerður var tegundalisti, en ekki var reynt að meta fjölda fugla.

Lýsing á svæðinu:

Í töflu hér að neðan er að finna lista yfir þær tegundir sem sáust. Auk þeirra tegunda, sem nefndar eru í töflunni sjást branduglur oft á þessu svæði þó þær hafi ekki sést á meðan könnuninni stóð. Einnig sást, nærri urðunarsvæðinu, ælukökkur, sennilega úr fálka, með leyfum af rjúpu. Ekki er þó vitað til þess að fálki hafi orpið í næsta nágrenni urðunarsvæðisins.

Gróðurlendi á urðunarsvæðinu er lyngmói. Mest bar á spóa, hrossagauk og þúfu-tittlingi. Svæðið sunnan og vestan urðunarsvæðisins er einnig lyngmói með sömu tegundum. Norðan og austan urðunarsvæðisins er áin Kolka. Þær fuglategundir sem sáust nærri ánni voru að mestu þær sömu og á urðunarsvæðinu.

Við Kolkuós er fjölskrúðug fuglalíf og stór kríu- og æðarvörp. Auk þess verpur nokkur fjöldi gæsa á svæðinu. Ekki var reynt að meta fjölda fugla í þessum vörpum. Fram undan ósnum, milli Elínarhólma og lands, virtist vera mikið af æti fyrir kriur og æðarfugl. Æðavörpin í Elínarhólma og Kolkuós eru nýtt.

Mat á svæðinu:

Eins og getið var hér að ofan, er urðunarsvæðið og næsta nágrenni þess að sunnan og vestan aðallega lyngmói (sjá gróðurkort). Slíkt gróðurlendi og þær fuglategundir sem þar finnast eru algengar í Skagafirði. Því hefur svæðið ekki sérstak verndunargildi og ekki er ástæða til þess að friða svæðið vegna varps sjaldgæfra tegunda. Hins vegar eru í nágrenni urðunarsvæðisins staðir, sem nauðsynlegt er að tryggja að skaðist ekki vegna urðunarinnar. Slík skakkaföll geta bæði orðið vegna mengaðs sigvatns og vegna foks af urðunarsvæðinu, en þar er vindasamt með ríkjandi hafgolu á sumrum.

Urðunarsvæðið er nærri ánni Kolku og í henni eru bæði lax- og silungsveiði. Vegna nálægðar urðunarsvæðisins við ána, er full ástæða til þess að leita álits Veiðimála-stofnunar. Tryggja verður að mengað sigvatn komist ekki í ána. Jafnvel þó að tryggt verði að engin efni komist í ána verður þó að telja líklegt að nálægðin við urðunarstaðinn muni rýra gildi Kolku sem veiðiár.

Við Kolkuós er fjölbreytt fuglalíf og fá sambærileg svæði finnast í Skagafirði. Það væri því mikill skaði ef fuglalíf spilltist þar vegna áhrifa frá urðunarsvæðinu. Skammt undan landi virðist vera mikið um æti fyrir fugla og þess vegna er svæðið viðkvæmt fyrir mengun. Því er mikilvægt að tryggja að sigvatn hafi hreinsast nægilega vel áður en það kemur fram undan bökkunum framan við Kolkuós.

Yfirlit yfir þær fuglategundir, sem sást á og í nágrenni urðunarstaðarins.

	Stöð		
	Urðunarstaður	Í næsta nágrenni urðunarstaðar	Við Kolkuós
Fýll		x	x
Grágæs			x
Heiðlóa	x	x	
Hettumáfur		x	
Hrafn		x	
Jaðrakan		x	
Kjói	x		
Kría			x
Mariuerla			x
Rjúpa	x		
Sandlóa			x
Sílamáfur		x	x
Smyrill		x	
Spói	x	x	
Stelkur		x	x
Lundi		x	x
Straumönd			x
Svartbakur			x
Toppönd			x
Þúfutittlingur	x	x	x
Æðarfugl			x
Hrossagaukur	x	x	x

Náttúrustofa Norðurlands vestra

Aðalgata 2 Pósthólf 112 550 Sauðárkróki Sími 453 7999 Fax 453 7998

Netfang natturustofa@krokur.is Heimasíða <http://www.krokur.is/~nstofa>